

Fundargerð

**208. fundur svæðisstjórnar Vatnajökulspjóðgarðs,
haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 28. maí 2025 kl. 11:00**

Fundinn sátu:

Sigurjón Andrússon, formaður svæðisstjórnar
Ívar Karl Hafliðason, varamaður formanns og varaformaður
Gerður Sigtryggisdóttir, formaður svæðisráðs norðursvæðis
Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs austursvæðis
Eyrún Friða Árnadóttir, formaður svæðisráðs suðursvæðis
Þráinn Ingólfsson, formaður svæðisráðs vestursvæðis
Benedikt Traustason, fulltrúi umhverfisverndarsamtaka
Snorri Ingimarsson, fulltrúi útivistarsamtaka
Ágúst Elvarsson, fulltrúi ferðamálasamtaka á svæði Vatnajökulspjóðgarðs og Samtökum ferðaþjónustunnar

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, starfsmaður á þróunarsviði
Steinunn Hödd Harðardóttir, verkefnastjóri á stjórnunar og verndarsviði
Bjarni Jónasson, starfsmaður á stjórnunar og verndarsviði
Bjarni Pálsson, starfsmaður á stjórnunar og verndarsviði
Davíð Örvar Hansson, starfsmaður á stjórnunar og verndarsviði
Stefán Frímann Jökulsson, starfsmaður á stjórnunar- og verndarsviði

1. Umsögn - Lýsing - Deiliskipulag - Hoffell - Hornafjörður - 202501-0073

Lagt fram að nýju, minnisblað um umsögn Náttúruverndarstofnunar varðandi skipulagslýsingu tengda breytingu á aðalskipulagi og vinnslu deiliskipulags fyrir Hoffell II og Hoffellslón.

Gögn í Skipulagsgátt: <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/49>

Á 140. fundi svæðisráðs suðursvæðis, bókaði meirihluti þess um málið, með samþykkt fimm fulltrúa af sex. Fulltrúi umhverfisverndarsamtaka lagðist gegn þeirri tillögu og lagði fram sérbókun.

Umsögninni var skilað inn til Sveitarfélagsins Hornafjarðar 31. mars sl. með þeim fyrirvara að biði afgreiðslu svæðisstjórnar, þar sem hún beið þess á þeim tíma að verða skipuð.



Stjórn leggur áherslu á að uppbygging á svæðinu hamli ekki aðgengi almennings að þjóðgarðinum.

Áhrif framkvæmdarinnar komi fram í umhverfismati. Fram að því að brugðist hefur verið við athugasemdum sem fram koma í umsögn, býður stjórn með að taka afstöðu til tillögunnar.

2. Íshellaferðir og jöklagöngur 2024-2025 - staðan - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0112

Steinunn Hödd Harðardóttir, verkefnastjóri á stjórnunar- og verndarsviði kom til fundar.

Fjallað stuttlega um stöðu íshellaferða og jöklagangna.

Svæðisstjórn staðfestir þær samþykktir svæðisráðs suðursvæðis sem fram komu á fundum 141 (4.4.2024) og 142 (9.5.2025) og vörðuðu eftirfarandi: Íshellaferðir óheimilar frá 1. maí - 30. september 2025, markaðssetning jöklaferða á þeim árstíma sem "íshellaferða" óheimil (vegna markaðshagsmuna vetrarferðapjónustu og gæða að baki hugtakinu "íshellaferð"). Ennfremur lagði svæðisráð til auknar heimildir til handa þeim sem hefðu tiltekna menntun og reynslu, sbr. bókun frá 142. fundi 9.maí 2025 sem má nálgast hér: [aCXOxSdWJ-7kSJz4_142_svæðisráð_suður.pdf](#)

Umræddar ákvarðanir byggðu á tillögum fagráðs um íshellaferðir og jöklagöngur í Vatnajökulspjóðgarði, samtal sem er mjög virkt og enn í þróun.

Svæðisstjórn tekur undir með svæðisráði suðursvæðis, varðandi mikilvægi eftirlits svo og eftirfylgni og viðurlögum með samningsbrotum.

3. Íshellaferðir og jöklagöngur - auglýsing um úthlutun leyfa - haust 2025 - 202502-0113

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar og Steinunn Hödd Harðardóttir verkefnastjóri á stjórnunar- og verndarsviði kynntu málefni íshellaferða og jöklagangna vegna næsta tímabils. Starfshópur var stofnaður um verkefnið. Þar er rætt um lengd samninga og hvenær þeir verði auglýstir til umsóknar. Ferðapjónustuaðilar hafa lagt áherslu á að það verði auglýst fremur en framlengt og að samningar verði til lengri tíma. Samninga sem þessa, þarf að vinna í samráði við fagráðuneyti og fjármálaráðuneyti og eru þau samtöl hafin. Unnið er að tímalínu verkefnisins sem og mótun formlegs samstarfs við Ferðamálastofu.

Svæðisstjórn þakkar kynninguna og leggur áherslu á að á sama tíma og mikilvægt er að vandað sé til verka, verði áhersla lögð á að hraða ferlinu eins og kostur er, svo auka megi fjárfestingu fyrir rekstraraðila.

4. Jökulsárlón - sérleyfi - siglingar - auglýsing 2025 - 202502-0115

Ágúst Elvarsson vék af fundi undir kynningu.

Steinunn Hödd Harðardóttir, sérfræðingur hjá Náttúruverndarstofnun kynnti stöðu málsins. Síðustu vikur og mánuði hefur starfsfólk Náttúruverndarstofnunar unnið að undirbúningi fyrir útboð siglinga á Jökulsárlóni. Fundað hefur verið með fulltrúum



umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, þar sem lagðar voru línur fyrir áframhaldandi vinnu verkefnisins. Allir aðilar eru meðvitaðir um að þetta verkefni þarf að vinna hratt og örugglega.

Svæðisstjórn þakkar kynninguna. Ágúst Elvarsson kom til fundar að lokinni kynningu.

Steinunn Hödd fór af fundi.

Svæðisstjórn leggur áherslu á, að á sama tíma og mikilvægt er að vandað sé til verka, verði áhersla lögð á að hraða ferlinu eins og kostur er svo auka megi fyrirsjáanleika fyrir rekstraraðila. Svæðisstjórn leggur áherslu á að við vinnslu matskvarða auglýsingar, verði tekið tillit til lagalegra markmiða Vatnajökulspjóðgarðs.

5. Hreindýr sunnan Vatnajökuls - beitarálag og veiðistjórnun - 202505-0074

Bjarni Jónasson og Bjarni Pálsson, starfsmenn í veiðistjórnunarteymi Náttúruverndarstofnunar komu til fundar. Málefni hreindýra vestast á veiðisvæði 9 (þ.e. á Breiðamerkursandi) eru í skoðun. Fyrir liggur að beitarálag á svæðinu er mikið og vísbendingar um að ástand hreindýra á svæðinu gæti verið slæmt með tilliti til vannæringar. Vegna þessa, svo og til þess að varna því að hreindýr fari yfir sauðfjárveikivarnarlínu, var við setningu veiðikvóta á svæðinu lögð áhersla á það við hreindýraleiðsögumenn að veitt yrði sem mest á Breiðamerkursandi. Vegna fjölda ferðamanna á því svæði hefur reynst erfitt að ná upp í kvóta. Unnið er að málinu á vettvangi veiðimála Náttúruverndarstofnunar með Vatnajökulspjóðgarð innan borðs, í samráði við Náttúrustofu Austurlands, Náttúrufræðistofnun, Hreindýráráð, hreindýraleiðsögumenn á svæðinu og Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH).

Bjarni Jónasson og Bjarni Pálsson fóru af fundi.

Lagt fram til kynningar. Rætt um mikilvægi samstarfs í málinu.

6. Stjórnunar- og verndaráætlun - Vatnajökulspjóðgarður - Breyting - Vonarskarð 2025 - Verkefnislýsing - 202505-0079

Davíð Örvar Hansson og Stefán Frímann Jökulsson, fulltrúar af stjórnunar- og verndarsviði komu til fundar.

Sigrún Ágústsdóttir, kynnti fyrirkomulag Náttúruverndarstofnunar við vinnslu málsins. Stefán Frímann Jökulsson og Davíð Örvar Hansson komu til fundar. Stefán kynnti verkefnisáætlun vegna breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, vegna ákvörðunar meirihluta stjórnar þjóðgarðsins 18. nóvember 2024. Umrædd ákvörðun fól í sér að hafið skyldi breytingaferli á ákvæðum stjórnunar- og verndaráætlunar með það fyrir augum að opnað yrði fyrir vélknúna umferð um Vonarskarð til 5 ára í tilraunaskyni.

Fundargerð frá samþykkt meirihluta stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs 18. nóvember 2024: [ZzxPua8jQArT1A8U StjórnVatnajökulspjóðgarðs-205-MeðsérálitivarðandiVonarskarð.pdf](#)



Stjórn óskar þess að umsagnarferli um verkefnislýsingu verði framlengt til samræmis við kynningarferli á textatillögu fyrir viðauka við Stjórnunar- og verndaráætlun vegna Hoffellslambatunga. Að þeim breytingum áorðnum, samþykkir stjórn framlagða verkefnislýsingu.

Davíð og Stefán fóru af fundi.

Benedikt Traustason fór af fundi.

7. Uppbygging aðstöðu Vatnajökulspjóðgarðs á Höfn í Hornafirði - 202505-0073

Sigurjón Andrésson kynnti minnisblað um sem áður var lagt fyrir svæðisráð suðursvæðis um aðstöðu á Höfn, einni af sex meginstarfsstöðvum Vatnajökulspjóðgarðs.

Umræða um brýna þörf á varanlegri starfssaðstöðu Náttúruverndarstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs á Höfn. Ennfremur bent á fjölbreytta möguleika á eignarhaldi á húsnæði og fjölgun starfa á starfssvæði Vatnajökulspjóðgarðs.

Svæðisstjórn óskar þess að sett verði af stað vinna við þarfagreiningu vegna þessarar vinnu.

8. Upplýsingar forstjóra - Vatnajökulspjóðgarður - svæðisstjórn - 202505-0077

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar greindi frá yfirstandandi verkefnum.

Fundi slitið 14:25

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, fundarritari